

Kjaransorðan

Reglugerð fyrir veitingu Kjaransorðunnar sem er æðsta viðurkenning Lions á Íslandi

- 1) Nafn viðurkenningarinnar er: Kjaransorða Lions á Íslandi.
- 2) Viðurkenningin er æðsta viðurkenning Lions á Íslandi, þ.e. fjöllumdæmis Lions nr.109
- 3) Kjaransorðuna er hægt að veita eftir tvenns konar leiðum um tilnefningu. Annars vegar veitt af fjöllumdæmisstjórn Lions á Íslandi, eftir tilnefningu frá orðunefnd og hinsvegar geta klúbbar sótt um veitingu orðunnar, fyrir klúbbfélaga, til orðunefndar. Í báðum tilfellum þarf samþykki fjöllumdæmisstjórnar fyrir veitingu orðunnar.
- 4) Kjaransorðuna má veita íslenskum sem erlendum einstaklingum fyrir vel unnin störf í þágu Lions á Íslandi, eða einstaklega mikla og góða þjónustu við Lionsklúbb.
- 5) Kjaransorðuna skal ekki veita látnum félaga eða einstaklingi, né félagi eða félagasamtökum.
- 6) Kjaransorðunefnd er skipuð þremur einstaklingum. Formaður orðunefndar skal kosinn til þriggja ára. Aðrir í nefndinni eru: fjöllumdæmisstjóri og ritari fjöllumdæmisráðs ár hvert.
- 7) Ákvörðun um veitingu orðunnar er tekin af fjöllumdæmisstjórn eftir tillögu orðunefndar eigi síðar en á fyrsta fundi fjöllumdæmisstjórnar eftir fundi orðunefndar. Ákvörðun orðunefndar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. nóvember og 15. mars ár hvert.
- 8) Að gegna eða hafa gegnt einhverju embætti er ekki næg ástæða til að hljóta viðurkenninguna.
- 9) Kjaransorðuna má ekki veita sama aðila oftari en einu sinni en sami aðili getur fengið tilnefningu sem hlýtur samþykki orðunefndar og fjöllumdæmisstjórnar, frá klúbbsínum og tilnefningu frá orðunefnd með samþykki fjöllumdæmisstjórnar og þar með fengið báðar útgáfur orðunnar en þó ekki á sama ári. Orðunefnd skal gæta þess að ekki sé verið að horfa til sömu verkefna til viðurkenningar.
- 10) Á gylltum borðahaldara skal grafið að framanverðu: Fjöllumdæmi 109 sé orðan veitt á vegum fjöllumdæmisins en nafn klúbbs sé orðan veitt að tilhlutan og að beiðni klúbbs. Á bakhlið orðunnar sé grafið nafn orðuþega og ártal í báðum tilvikum.

- 11) Við veitingu orðunnar ber annaðhvort fjölumdæmi eða viðkomandi klúbbi eftir því sem við á, að greiða 120.000 kr. innborgun í Heiðurssjóð Guðrúnar Bjartar, tengda viðkomandi orðuþega (eða andvirði 1.000 USD sé það hærra á hverjum tíma). Orðunefnd hverju sinni endurskoði þessa upphæð með tilliti til verðlags og telst breyting á upphæðinni ekki vera breyting á reglum þessum.
- 12) Hámarksfjöldi Kjaransorðuveitinga ár hvert skal vera þrjár veittar af fjölumdæmisstjórn og hið mesta tíu veittar með tilnefningu frá klúbbum, fimm í nóvember og fimm í mars.
- 13) Berist fleiri en fimm tilnefningar frá klúbbum á hverjum umsóknarfresti, 1.nóvember og 1.mars skal orðunefnd velja þær fimm, sem verðugastar þykja til viðurkenningar á næsta fjölumdæmisþingi eða á klúbbsamkomu.
- 14) Orðunefnd skal færa rök fyrir tilnefningu sinni og samþykki um orðuveitingu til fjölumdæmisstjórnar sé verið að veita orðu á vegum fjölumdæmisins. Þegar beiðni og rökstuðningur berst frá klúbbum, skal orðunefnd meta fyrir sitt leyti rökstuðning með tilnefningunni og þá eftir atvikum, mæla með eða hafna viðurkenningu.
- 15) Klúbbum ber að skila inn beiðni ásamt greinargerð um væntanlegan orðuþega til orðunefndar eigi síðar en 1.nóvember og 1.mars en þá er umsóknarfrestur ár hvert. Ef ekki koma fimm umsóknir frá klúbbum, sem er hámark í hvert sinn flyst það sem upp á vantar fram til næsta fundar en þó ekki milli ára.
- 16) Sérhannað skjal, skal fylgja orðuveitingunni þar sem fram kemur: Nafn orðunnar, alþjóðamerki Lions, nafn orðuhafa, dagsetning og ártal þegar orðan er veitt, nafn fjölumdæmis 109 og undirskrift fjölumdæmisstjóra. Samskonar skjal, skal fylgja ef klúbbur hefur fengið samþykka tilnefningu til orðuveitingar. Þar komi fram allt ofanskráð en nafn klúbbsins, með undirskrift formanns viðkomandi klúbbs, bætt við. Rökstuðningur skal jafnan fylgja til orðuhafa þannig að fram komi að mestu fyrir hvað viðurkenningin er veitt.
- 17) Við afhendingu orðunnar skal jafnan reynt að sjá til þess að viðkomandi orðuþegi sé viðstaddur afhendingu hennar á fjölumdæmisþingi eða á klúbbsamkomu. Við afhendingu orðunnar skal þess getið hvort hún er veitt af fjölumdæmi 109 eða af ákveðnum klúbbi og þess þá getið að veitingin sé með samþykki fjölumdæmisstjórnar.
Nöfn þeirra sem fengið hafa orðuna á klúbbfundum eða utan fjölumdæmisþings skulu lesin upp á næsta fjölumdæmisþingi eftir veitingu orðunnar og einnig nafn á klúbbi orðuþega.
- 18) Leitast skal við að afhenda orðuna á sem virðulegastan hátt og gera athöfnina á þann hátt að orðuþega og Lions sé sem mestur sómi að.

Fjölumdamisstjóri fyrir hönd fjölumdamis skal afhenda viðurkenninguna á fjölumdamisþingi hverju sinni. Ef veita á Kjaransorðuna erlendum aðila eða einstaklingi sem ekki er starfandi innan Lionshreyfingarinnar skal fjölumdamisstjórn gera viðeigandi ráðstafanir til að afhenda orðuna á sem virðulegastan hátt.

- 19) Lionsskrifstofan heldur lista yfir orðuhafa og geymir skjal með rökstuðningi fyrir samþykki fjölumdamisstjórnar.
- 20) Breytingar á reglum um veitingu Kjaransorðunnar getur fjölumdamisstjórn borið upp eftir tillögu orðunefndar og /eða tillögu fjölumdamisstjórnar. Breytingarnar taka ekki gildi fyrr en eftir samþykki næsta starfandi fjölumdamisráðs og hafi þær hlotið samþykki þess líka. Kynna skal framkomnar breytingar á fjölumdamisþingi sem haldið er milli þessara tveggja fjölumdamisráða.
- 21) Í tengslum við Kjaransorðuna geta klúbbar og umdæmi keypt merki til að viðurkenna sína félag. Þrjár gerðir merkja eru í boði, gull, silfur og brons og er verð þeirra kr. 20.000 fyrir gull, 15.000 fyrir silfur og 10.000 kr. fyrir brons. Andvirði skal renna í Heiðurssjóð Guðrúnar Bjartar. Lionsskrifstofan skal halda utan um nöfn og klúbbnöfn þeirra sem viðurkenndir eru með þessum merkjum.